

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (06 innanríkisráðuneyti og 14 umhverfisráðuneyti)

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. bréf fjárlaganefndar frá 4. nóvember 2011. Nefndin fékk á sinn fund Hrafnhildi Þorvaldsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Jón Magnússon, Birnu Hreiðarsdóttur, Rúnar Guðjónsson og Þorstein Hermannson frá innanríkisráðuneytinu og Stefán Erlendsson frá Vegagerðinni.

Málefnasvið nefndarinnar snýr annars vegar að umhverfisráðuneytinu og hins vegar að innanríkisráðuneytinu en í ársbyrjun 2011 voru samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti sameinuð í innanríkisráðuneyti. Fyrst verða reifuð þau álitaefni er snúa að umhverfisráðuneytinu.

### Umhverfisráðuneytið.

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytisins árið 2012 eru áætluð um 10.726 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.132 m.kr. en þær nema um 20% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 8.594 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.390 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 4.202 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Útgjöld ráðuneytisins aukast um 1.456,7 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2011 en þegar tekið er tillit til áhrifa almennra verðlags- og gengisbreytinga hækka útgjöldin um 1.762,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til um 20%. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 5.079,4 m.kr. og hækka þau um 460,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni og kynnt sér samdráttartillögur ráðuneytisins. Nefndin telur sýnt að ráðuneytið hefur mætt þeim samdráttarmarkmiðum sem gerð var krafa um með því að skera niður útgjöld til einstakra liða. Þó er skerðingin mismikil sem einstakar stofnanir og verkefni verða fyrir enda var hún útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins. Nefndin vill þó árétta mikilvægi þess að í efnahagsþrengingum sé ekki gengið nærri stofnunum og verkefnum og leitast verði við að forðast fækkun starfa. Einnig vill nefndin árétta nauðsyn þess að ráðuneytið og ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að efla umgjörð um og rekstrarskilyrði frjálsra félagasamtaka sem starfa á sviði umhverfismála á Íslandi.

Með lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, var sett á fót ný úrskurðarnefnd sem á að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála. Nefndin á að taka til starfa í ársbyrjun 2012 og tekur þá við hlutverki úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem jafnframt verða lagðar niður. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir að hin nýja nefnd fái 13 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum. Við meðferð frumvarps um

úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála komu fram gagnrýnisraddir varðandi málsrekstur í núverandi úrskurðarnefndum, þá einkum með hliðsjón af málshraða. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi áréttta það sem fram kom í nefndaráliti meiri hluta umhverfisnefndar að mikilvægt sé að stuðlað verði að því að hin nýja úrskurðarnefnd geti starfað hratt og vel. Nauðsynlegt er að leitast við að ljúka málsmeðferð í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála áður en hin nýja nefnd tekur til starfa og huga verður að sérstakri fjárveitingu í þessu skyni, en fram kom við meðferð málsins að nú þegar á nefndin eftir að úrskurða í málum meira en árs. Meiri hlutinn telur einsýnt að ekki sé varið nægilegu fjármagni í þetta verkefni og leggur á það áherslu að það sé erfiðleikum bundið að fara af stað með nýja nefnd sem situr undir klifjum frá starfsemi eldri nefnda.

Nefndin ræddi sérstaklega um náttúrustofur en skv. 9. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur er ráðherra heimilt að leyfa starfsrækslu allt að átta náttúrustofa sem starfi á vegum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir 83,7 m.kr. fjárveitingu til þeirra en það jafngildir 40,1 m.kr. lækkun að raungildi frá gildandi fjárlögum. Lækkunin skýrist af því að niður eru felld samtals 38,4 m.kr. framlög sem veitt eru tímabundið í fjárlögum fyrir árið 2011 og þar er um að ræða 6,4 m.kr. framlög hjá hverri stofu. Meiri hlutinn telur brýnt að tryggja að svæðisbundnar rannsóknir séu í öruggum höndum hjá viðkomandi náttúrustofu. Mikilvægt er að gera beina samninga við hverja stofu fyrir sig og vill meiri hlutinn beina því til fjárlaganefndar að festa þessi framlög í sessi frekar en að veita þau tímabundið til eins árs í senn. Ekki er réttmætt að setja sömu hagræðingarkröfu á allar náttúrustofur heldur þarf að setja skýran ramma og nauðsynlegt er að líta til sérverkefna hverrar náttúrustofu fyrir sig.

### **Innanríkisráðuneytið.**

Heildarútgjöld innanríkisráðuneytisins árið 2012 eru áætluð um 70.075 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 8.835 m.kr. en þær nema 12,6% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 61.240 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 44.087 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 17.079 m.kr. innheimtar af ríkistekjum. Útgjöld ráðuneytisins dragast saman um 931 m.kr. á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2011 en þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum verðlags- og gengisbreytingum hækka útgjöld um 1.335 m.kr. milli ára eða sem svarar til 2,2%. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 29.982 m.kr. og hækka þau um 1.982 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni og kynnt sér samdráttartillögur ráðuneytisins. Eins og greint var frá að framan þá voru í ársbyrjun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmála- og mannréttindaráðuneyti sameinuð í innanríkisráðuneyti. Framsetning á útgjöldum ráðuneytisins í frumvarpinu hefur verið aðlöguð vegna flutnings á verkefnum milli eldri ráðuneytanna sem gerð var í gildandi fjárlögum fyrir yfirstandandi ár í tengslum við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins.

Meiri hlutinn vill vekja athygli á því að þeir málaflokkar sem heyra undir innanríkisráðuneytið og lúta að málefnasviði nefndarinnar hafa á síðastliðnum árum þurft að þola mikinn niðurskurð. Nefndin vill því áréttta að nauðsynlegt er að vanda vel til verka og tryggja eins og framast er unnt að þjónusta skerðist sem minnst. Í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs liggur fyrir að ekki er bolmagn til að standa undir jafn öflugri uppbyggingu samgöngukerfa og innviða og á fyrri árum. Þetta leiðir af sér að óhjákvæmilegt er að hægja verulega á nýframkvæmdum en meiri hlutinn vill engu að síður leggja mikla áherslu á að veita áfram fjármagn til að viðhalda samgöngumannvirkjum. Í þessu sambandi vill meiri

hlutinn benda á mikilvægi þess að reynt verði að ráðast í verkefni sem líkleg eru til að skapa atvinnu og leggur áherslu á ýmis viðhaldsverkefni í öryggismálum og vegagerð.

Fram kemur í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vinna eigi áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin, með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabilinn. Í slíkri stefnu verði almenningssamgöngur um allt land stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Áætlað er að almenningssamgöngur verði sjálfsagður hluti samgönguáætlunar. Meiri hlutinn fagnar þessum áherslum og áréttar m.a. í því samhengi að skoða þann möguleika að setja upp safnstöðvar sem yrðu staðsettar í úthverfum Reykjavíkur og aðliggjandi sveitarfélögum. Út frá þeim mætti hafa tíðar ferðir til helstu áfangastaða. Starfshópur um grunnnet almenningssamgagna og hjólreiðastiga var skipaður af samgönguráði í nóvember 2010 og skilaði starfshópurinn fyrstu tillögum til umræðu í mars á þessu ári. Þar kemur fram að áætlaður kostnaður við rekstur grunnets almenningasamgangna á höfuðborgarsvæðinu og á suðvestursvæðinu miðað við verðlag og tíðni ferða í desember 2010, sé um 1.070 m.kr. á ári. Í samkomulagi innanríkisráðherra og fjármálaráðherra við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að ríkið ætli að leggja viðbótar fjármuni í almenningssamgöngur gegn því meðal annars að stórframkvæmdum verði frestað á höfuðborgarsvæðinu og skipulag svæðisins taki mið af auknum almenningssamgöngum. Í frumvarpi til fjárlaga 2012 er gert ráð fyrir því að veitt verði 200 m.kr. framlag til reksturs almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Meiri hlutinn telur brýnt að reyna eftir megni að auka þetta fjárframlag til almenningssamgangna enda er um að ræða forgangsverkefni í uppbyggingu samgöngumála til framtíðar. Mikilvægt er að í það minnsta að frá og með árinu 2013 verði framlagið aukið í samræmi við gefin fyrirheit.

Rætt var um öryggi ferðamanna á fundi nefndarinnar þann 22. nóvember sl. Í því sambandi var fjallað um bodunarkerfi fyrir ferðamenn á hættuslód en símafélögin í samvinnu við Neyðarlínuna og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra eru að vinna að útkallskerfi til að aðvara ferðamenn og aðra sem eru með gsm síma á hættuslód um tafarlausa hættu. Fram kom á fundinum að verkið væri komið nokkuð áleiðis en staðfestingu skorti varðandi fjárheimildir en til að ljúka málinu með þeim hætti að kerfið fullnægi þeim kröfum sem til þess er gert þ.e.a.s. að boð verði send innan 5 mínútna eftir að tilkynning um hættuástand hefur borist Neyðarlínunni. Til að ljúka verkinu þarf um 20 m. kr. annarsvegar vegna kostnaðar hjá símafélögunum og hinsvegar kostnaður vegna hugbúnaðar til að sækja og senda í gegnum kerfi símafélaganna en Neyðarlínan mun bera þann kostnað sem snýr að henni, lögreglu og samhæfingarstöðinni. Viðstaddir nefndarmenn voru einhljóða sammála um að brýnt væri að leggja til fjármagn í þetta verkefni í ljósi mikilvægi þess fyrir öryggi allra ferðamanna á Íslandi.

Þór Saari áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álit þessu.

Þuríður Backman skrifar undir með fyrirvara vegna setu sem varamanns í fjárlaganefnd.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi 24, nóvember 2011.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,  
form., frsm.

Ólína Þorvarðardóttir.

Þurriður Backman með fyrirvara.

Róbert Marshall.

Mörður Árnasson.